



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Ösp

2023 – 2024



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2022-2023	5
3 Innra mat deilda	10
3.1 Skýjaland	10
3.2 Regnbogaland	12
3.3 Stjörnuland	14
4 Innra mat sérkennslu.....	18
5 Innra mat – fjöltyngd börn	20
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	22
6.1 Fræðsla skólaárið 2022-2023.....	23
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	23
8 Foreldrasamvinna.....	23
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	24
10 Fylgigögn.....	24
10.1 Fylgiskjal 1 – Tímarammi samstarfsáætlunar 2023-2024.....	24
10.2 Fylgiskjal 2 – Leikskóladagatal 2023-2024.....	24
10.3 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs	24



Leiðarljós leikskólans

Leiðarljós leikskólans eru vellíðan – jafnrétti – málörvun – lýðræði – sköpun og leikur.

1 Greinargerð leikskólastjóra

Leikskólaárið 2022-2023 fór vel af stað í Öspinni. Búið var að ráða í allar stöður í lok ágúst og hægt og rólega fór september af stað með nokkrum nýjum andlitum í starfsmannahópnum. Hefðbundnar breytingar áttu sér stað í barnahópnum vegna flutninga úr hverfinu og grunnskólabyrjunar elstu barnanna, ný börn bættust í hópinn og gekk aðlögun almennt vel á öllum deildum.

Haldið var áfram að leggja áherslu á læsi í tengslum við Menntastefnuna. Við bættum töluvert í bókakost leikskólans og færðum bókasafnið inn í sal til að hafa það nær börnunum. Við unnum markvisst að því að búa til bæði bóka- og málörvunarbanka sem tengist orðaforðapemunum sem við vinnum eftir. Bækurnar eru allar í sérvasa tengt hverju þema fyrir sig. Í vasanum eru einnig hugmyndir að lestri og vinnu með börnunum í kringum bókina, sem starfsfólk getur nýtt sér í samveru- og lestrarstundum. Málörvunarbankinn er flokkaður eftir ólíkum áherslum í markvissri málörvun, t.d. orðaforði, eintala/fleirtala, rím, samstöfur og fleiru tengdu málörvun. Á þennan hátt er einfalt fyrir starfsfólk að sækja sér efnivið í samverustundir og hópastarf. Bókasafnsferðir urðu fleiri í vetur, sérstaklega á yngstu deildinni, Skýjalandi. Eftir áramót fór starfsfólk reglulega á bókasafnið með litla hópa og gekk það mjög vel þrátt fyrir ungan aldur barnanna. Á miðdeildinni komst bókaormurinn á flug, sem felst í því að börnin koma með bækur að heiman sem þau sýna og segja frá í leikskólanum. Mikilvægt er að búið sé að lesa bókina fyrir barnið heima svo það þekki bókina og geti sagt frá henni, því oft er ekki er hún á heimamáli barnsins. Þessi leið er bæði hvetjandi fyrir foreldra til að lesa fyrir börnin sín og gefur börnunum tækifæri til að tengja saman heimamál og leikskólamálið. Á elstu deildinni var markvisst unnið að því að gera lestrarstundir sem fjölbreyttastar og voru bóka/sögupokarnir mjög vel nýttir þar.

Á þessu leikskólaári voru 7 starfsmenn skráðir á menntafléttunámskeið sem hafa nýst starfsfólki vel. Á næsta ári stefnum við á að mynda tvö lærdómssamfélög innan leikskólans sem byggja meðal annars á menntafléttunámskeiðunum.

Um áramót var ákveðið að láta elstu og yngstu deildirnar skipta um stað í húsinu. Það hefur komið vel út og eru bæði börn og starfsfólk ánægð með breytingarnar.

Samstarf við Holt og Fellaskóla gekk vel í vetur og höfum við náð að mynda góð teymi þvert á skólastig. Við tölum um það sem MOLF, en það er skammstöfun á Málþroski og læsi í Fellahverfi. Fundir og viðburðir milli skóla voru settir í skóladagatöl að vori og hélst allt það sem lagt var upp með síðastliðið haust. Hluti af þessu samstarfi var hálfur sameiginlegur skipulagsdagur sem við héldum í nóvember. Þá fengum við fræðslu sem hentaði öllum starfsmannahópnum í Ösp, Holti, Fellaskóla og frístundaheimilinu Vinafelli. Það var kynning



frá Mixtúru og fyrirlestrar um Betri borg fyrir börn verkefnið og læsi í fjöltyngdum barnahópi. Í febrúar 2022 fengu Fellaskóli, leikskólarnir Holt og Ösp og frístundaheimilið Vínafell Hvatningarverðlaun skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur fyrir samstarfsverkefnið.

Samvinnan milli leikskólana hefur einnig aukist og fór stór hluti starfsfólks í námsferð til Stokkhólms í apríl. Þar var markmiðið að kynna sér vinnu í leikskólum og fá fræðslu um aðferðir sem nýtast í starfi með fjöltyngdum barnahópum. Við fórum einnig á aðalbókasafn Stokkhólms í barnadeildina og fengum að sjá hvernig tekið er á móti leikskólabarnahópum þar. Ferðin var einstaklega vel heppnuð og hópurinn þéttist enn frekar.

Foreldrafundir voru haldnir á öllum deildum að hausti og var góð mæting á þeim öllum. Brynja, deildarstjóri máls og læsis í Fellaskóla, kom einnig á þessa fundi, ræddi markvissa málörvun, tengsl á milli skólastiga og mikilvægi lesturs. Þessi fræðsla frá Brynju tengdi enn betur saman samstarf skólastigana og mun hún halda áfram að koma til okkar á árlega foreldrafundi.

Mikið reyndi á húsnæði leikskólans í kuldakastinu sem stóð yfir meiri hluta vetrarins. Mjög kalt varð í nokkrum rýmum hússins og var það leyst með öflugum hitablásurum, sem komið var fyrir á nokkrum stöðum. Verið er að vinna í því að bæta það sem þarf fyrir næsta leikskólaár.

Starfsfólk Aspar er stolt af því metnaðarfulla starfi sem fer fram í leikskólanum og er samstíga í þeim verkefnum. Gaman er að segja frá því að í vetur hefur komið töluvert af fyrirspurnum frá öðrum leikskólum um að koma í heimsókn og fá fræðslu um markvissa málörvunar- og orðaforðavinnu með fjöltyngdum börnum. Í heimsókn hafa komið stórir og litlir hópar af starfsfólki frá leikskólum í Reykjavík og sveitarfélögunum í kringum okkur, sem og tveir hópar erlendis frá. Mikil reynsla og fagleg þekking á vinnu með fjöltyngdum börnum hefur skapast í leikskólunum Ösp og Holti og verið er að vinna að því að leikskólarnir verði skilgreindir sem sérhæfðir leikskólar í tengslum við það.

Annað árið í röð fékk leikskólinn fyrirmyndarstarfsstaður Skóla- og frístundasviðs, sem við erum afskaplega stolt af. Við tökum það með okkur sem veganesti inn í nýtt leikskólaár.



2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2022-2023

Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Festa leiðbeiningar – samtöl leikskólastjóra við deildarstjóra	Skipulag rætt á deildarstjóra fundum	Leikskólastjóri og deildarstjórar	Gekk vel til að byrja með en varð ómarkvissara eftir áramót. Munum halda þessu inni næsta leikskóla ár
Skólanámskrá Aspar	Leikskóla- og aðstoðarleikskól astjóri mátu	Ekki fleiri, vinnan komst ekki langt	Það var byrjað á þessari vinnu en hún var sett á ís og tekið upp í haust (2023)
Málstefna Aspar / fá frá foreldrum og börnum	Á fjölmenningar fundum og skipulagsdögum. Spurningalistar sendir til foreldra. Fundir með börnum	Foreldrar, börn og allt starfsfólk.	Byrjað er að vinna eftir málstefnunni á öllum svæðum barnanna. Áframhald með málstefnu heimila barnanna.
Þátttaka starfsfólks í frjálsum leik	Sjálfsmat starfsfólks 2x yfir leikskólaárið. Rætt í starfs - mannasamtölum	Stjórnendur og starfsfólk	Gengur vel en starfsfólk er á mjög ólíkum stöðum er varða öryggi í að taka þátt í leik á forsendum barnanna. Sumir vel virkir en aðrir mjög óöruggir.
Aukið rými fyrir börn og starfsfólk	Að auka rými fyrir vinnu með börnunum og bæta	Stjórnendur leikskólans og starfsfólk SFS sem hefur með aukið rými að gera.	Leyfi komið, vonandi kennslustofa á leiðinni. Búið að fá samþykki fyrir



	vinnuaðstöðu starfsfólks.		fækkun í barnahópnum þar til aukið rými kemur.
Nýting menntafléttu „málörvun með sögum og söng“	Á deildarstjóra fundum, skipulagsdögum, deildarfundum.	Allir starfsmenn	Byrjað að samræma söngstundir. Markviss lestur í takt á öllum deildum. Fulltrúar verða festir í sessi frá öllum deildum næsta leikskólaár.
Nýting agastefnu/samskiptastefnu	Á deildarstjóra fundum, skipulagsdögum, deildarfundum.	Allir starfsmenn	Var endurmetin og uppfærð útfrá ábendingum eftir fundi.

Ytra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Viðhorfskönnun foreldra	Viðhorfskönnun foreldra	Foreldrar	Almenn ánægja með leikskólann, 4,57
Viðhorfskönnun starfsfólks	Viðhorfskönnun starfsfólks	Starfsfólk	Almennt kemur könnunin vel út. Mikil ánægja með jafnrétti, stolt og stjórnun. Lítil ánægja með vinnuaðstöðu, hljóðvist og laun.



Umbótaáætlun leikskólans 2023-2024

UMBÓTAÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/að ferðir?	Viðmið um árangur
Stjórnun							
Festa leiðbeiningar- samtöl leikskóla stjóra við sérkennslu og deildarstjóra leikskólans	Festa markviss samtöl við aðra stjórnendur 1x í mánuði	Tímasetja fundi fyrir allt leikskóla árið	Leikskólastjóri	Sept 2023	Mái 2024	Dagbækur og leikskóla dagatal	Að sérkennslu og deildarstjórar fá tækifæri til að ræða málefni er varða þeirra ábyrgð og stjórnun
Uppeldis- og menntastarf							
Skólanámskrá Aspar	Endurmeta og skrifa skólanámskrá	Festa tíma 1x í viku	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri	Sept 2023	Júní 2024	Rýna gömlu námskrána. Lesa hjá öðrum leikskólum og frá ráð hjá SFS	Skólanámskrá Aspar



Þátttaka starfsfólks í leik á forsendum barnanna	Virkja þátttöku starfsfólks í leik á forsendum barnanna. Fjölga stundum sem börnin heyra íslensku	Fræða starfsfólk um mikilvægi þeirra hlutverks og þátttöku í leiknum um leið og börnin stýra ferðinni	Stjórnendateymi leikskólans	Sept 2023	Maí 2024	Skráning starfsmannanna. Starfsmannasamtöl, skipulagsdagur og deildarfundir	Skráningarblöð, fundargerðir deildarfundanna og starfsmanna samtöl
Mannauður / Leikskólabragur							
Aukið rými fyrir börn og starfsfólk	Auka rými fyrir börnin og bæta vinnuaðs töðu starfsfólks	Fá færanlegar kennslustofur á lóðina.	Leikskólastjóri með aðstoð frá SFS	Maí 2020	Sem fyrst	Verkefni nu verður fylgt vel eftir af leikskólastjóra og hennar yfirmönnum	Kennslustofur á lóð.
Vinna markvisst með gleðikassan	Auka vellíðan og starfsanda í leikskólunum	Gefa starfsfólki tækifæri til að koma með hugmyndir að því	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri	Sept 2023	Maí 2024	Hafa kassann markvisst frammi 2x á hvorri önn og	Verða við þeim óskum sem koma fram í kassanum.



		hvernig við getum bætt vellíðan og starfsanda				fara yfir hugmyndir starfsfólks á ákveðnum tímum.	
Innra mat							
Foreldrabæklingur	Endurmeta bækling sem foreldrar fá að hausti	Yfirfara núverandi bækling og fá frá foreldrum hugmyndir um það sem þeim finnst mikilvægt að hafa í svona bækling	Stjórnendateymi	Sept 2023	Maí 2024	Yfirfara bæklinginn sem er til. Senda spr.lista til foreldra og fá hugmyndir	Foreldrabæklingur
MOLF (Málproski og læsi í Fellahverfi)	Fylgja eftir markmiðum MOLF	Nýta skipulagsdag og deildarstj. fundi. Fylgja eftir fundargerðum fjölmenningsarfundum í Ösp og Fellaskóla	Leikskólastjóri	Sept 2023	Maí 2024	Fara yfir markmiðin og sjá hvar við erum stödd og hvað þarf að bæta til að ná þeim	Ná markmiðum MOLF verkefnisins



3 Innra mat deilda

3.1 Skýjaland

Haustið 2022 fór af stað með aðlögun í lok ágúst á Skýjalandi. Aðlögunin gekk ágætlega en hægt er að gera betur. Næsta vetur ætlum við að gera breytingar á aðlögunarferlinu, það verður lengra á milli aðlögunarhópa og verða börnin sett í aðlögunarhópa eftir fyrstu viðtölin. Börnin á Skýjalandi voru fædd 2020-2021. Eftir áramót voru gerðar breytingar í leikskólanum, Skýjaland og Stjörnuland skiptu um deildarrými og fór Skýjaland í minna rými en áður. Þetta krafðist smá skipulagsbreytinga á deildinni, en gekk fljótt og vel fyrir sig. Hópastarfsdögunum var fækkað um einn dag og erum við með hópastarf þrisvar í viku. Mánudagar voru settir fram þannig að helmingur á börnum fóru á bókasafnið og hinn helmingurinn var eftir í hreyfing eða skynjunarleik. Næsta vetur 2023-24 verða á Skýjalandi börn fædd 2021–2022 á deildinni.

Hlutverk kennarar í frjálsum leik: Í síðustu umbótaáætlun var lögð áhersla á hlutverk starfsfólks í frjálsum leik. Á starfsmannafundi á starfsdegi var fræðsla til starfsfólks um mikilvægi þátttöku starfsfólks í leik. Góð umræða átti sér stað í starfsmanna hópnum sem var mikilvæg fyrir hópinn til að allir fari samstíga inn í verkefnið. Við nýttum okkur aðferðina „gefðu 10“ tvisvar sinnum yfir veturinn sem reyndist vel til að kortleggja hópinn. Næsta vetur munum við einnig nýta okkur skráningar úr verkfærakistu Vöndu til að kortleggja hópinn. Það tekur alltaf tíma að breyta vinnulagi og hefur mikið átt sér stað og við munum halda því áfram næsta vetur. „Gefðu 10“ gerði fólk mjög meðvitað um að eiga samskipti við öll börnin og að vera til staðar í leiknum, verður svona skráning notuð oftast næsta vetur til dæmis 2x á önn.

Sjónrænt og tákn í söng og samveru: Unnið var að því að bæta við fleiri lögum með myndum og táknum. Einn starfsmaður á deildinni tók þetta verkefni að sér og hefur nýtt undirbúninginn til bæta við fleiri táknum í söng og daglegu starfi. Markmiðið er að halda áfram næsta vetur og að bæta í þetta safn út frá þeim og tengja myndir og tákn fyrir hvert lag í þemunum.

Hreyfistundir : Hreyfistundir voru ekki hluti af hópstarfinu og því ekki reglulegur hluti af starfinu. Þessu breyttum við í vetur en þegar hluti hópsins er á bókasafninu þá er hinn



hlutinn í hreyfistund. Hvert barn sem sagt í hreyfistund aðra hverja viku og munum við halda áfram með þetta skipulag næsta vetur.

Læsi - Lestrastundir og loðtöflusögur: Eftir áramót var ákveðið að bæta inn

bókasafnsferðum þar sem börnin fá að fara aðra hvora viku í skipulagða sögustund á bókasafninu. Þessar ferðir gengu mjög vel og voru vinsælar meðal barnanna, og við munum halda áfram að fara í ferðir á bókasafnið næsta vetur. Öll börn fara að lágmarki einu sinni í viku í flæðilestur, einnig er tíminn nýttur eftir að þau vakna í rólegheitum, til að lesa fyrir eitt eða fleiri börn. Ákveðið var að nota flæðilesturinn til að halda utan um skráningu á aukningu orðaforða barna og voru deildarfundir nýttir til að ræða hvaða orð börnin voru komin með skilning á og hvaða orð þau eru að nota. Loðtöflusögur náðu ekki að festast í sessi hjá okkur á deildinni en markmiðið fyrir næsta vetur er að auka lestrastundir fyrir börnin og mun ég setja það í næstu umbótaáætlun.

Menntastefnan : Í leikskólanum erum við að innleiða hluta menntastefnunnar um læsi, en við byrjuðum árið 2021. Markmiðið var að hafa sýnilegt læsi á deildinni fyrir börnin og voru allir hlutir á deildinni merktir með orðum, einnig var stafrófið sett upp með myndum og orðum tengdum hverjum staf fyrir sig til þess að efla orðaforðann hjá börnunum.

Í vetur gekk vel að halda utan um deildarfundir og á Skýjalandi vorum við með deildarfund á þriggja vikna fresti, einnig náðum við að halda vel utan um að allir fengu undirbúning til að skipuleggja starfið.

UMBÓTAPÁT TUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðfer ðir?	Viðmið um árangur
Hlutverk starfsfólks í frjálsum leik og útiveru	Virkja þátttöku starfsfólk í frjálsum leik inni og úti. Fjölga þeim	Fræða starfsfólk um hlutverk þeirra í frjálsum	Deildars tjóri og allt starfsfól k á deildinni	Sept 2023	Maí 2024	Nýta gefðu 10 skráningu á þeim börnum sem eru á	Nýta skráningar blöðin og rætt á deildarfundu m.



	stundum sem börnin heyra íslensku	leik og mikilvægi þátttöku þeirra.				svæði starfsmanns í vali og frjálsum leik	
Sjónrænt og tákni í söng og samveru	Virkja starfsfólk og börn að nota sjónrænt og tákni í samveru	Að fjölga nýjum táknum jafnt og þétt yfir skólaárið	Deildars tjóri og starfsfólk á deildinni	Sept 2023	Maí 2024	Nota myndir og myndir með tákni. Meta á deildarfundum	Að börnin tengi saman orð við myndir
Læsi Lestrastundir og loðtöflusögur	Setja inn auka lestrastund fyrir börnin eftir kaffitíma	Allt starfsfólk taki þátt að lesa fyrir börnin	Deildars tjóri og starfsfólk á deild	Okt 2023	Maí 2024	Ræða og meta á deildarfundum	Aukinn orðaforði og skilningur. Börnin læra að hlusta á sögur og taka þátt í lestrarstundum

3.2 Regnbogaland

Við á Regnbogalandi hófum haustið 2022 með 16 börn fædd árinu 2019 – 2020. Vegna breytinga í húsinu urðu börnin 17 eftir áramót. Það var haldið áfram með sama skipulag í hópstarfi, þar sem hóparnir rúlluðu á milli hópstjóra og hittu hvern hópstjóra í einu. allir fengur að vinna með sitt áhugasvið sem tengdist þemanu og útvíkkaði þemað í fjórar vikur í stað fyrir tvær vikur. en hópstarfið hófst ekki formlega fyrr en í október vegna aðstæðna í húsinu. Í haust urðu starfsmannabreytingar þar sem nýr deildarstjóri tók við á deildinni og gerði smá skipulagsbreytingar. Markvisst var unnið að því að lækka stóla og borð í hæð barnanna og auka sjónrænt skipulag fyrir börn og starfsfólk.

Sögustund fyrir yngri börn: Í umbótaáætlun var markmiðið að bæta sögustund fyrir yngri hópinn þar sem þau sváfu á þeim tíma sem lestrarstundin var. Festar voru sögustundir eftir



kaffitíma hjá börnum þar sem hægt að nýta þessa stund fyrir loðtöflulestur og lifandi lestur. Það var farið efir þeim hvorrar viku þar sem öll börn fá lestrartíma alla daga í litlum hópum.

Hlutverk kennara í frjálsum leik: Í síðustu umbótaáætlun settu allar deildir inn hlutverk starfsfólks í frjálsum leik og mikilvægi þátttöku þeirra í frjálsum leik með börnum. Nýttur var hluti af starfsdegi til fræðslu til starfsfólks og hugmyndir voru fengnar frá starfsfólki hvernig hægt væri að örva samskipti barna í útiveru og frjálsum leik. Við nýttum okkur aðferðina „gefðu 10“ tvisvar sinnum yfir veturinn til þess fylgja þessu eftir. Það tekur alltaf tíma að breyta vinnulagi því munum við halda þessu inni fyrir næstu umbótaáætlun.

UMBÓTA ÞÁTTUR/ MATSPÁT TUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hef st	Loki ð	Hvernig metið/aðferðir ?	Viðmið um árangur
Hlutverk kennara í frjálsum leik og útiveru	Markmiðið er að fjölga stundum sem börnin heyra íslensku og virkja starfsfólk bæði inni og úti	Fræða starfsfólk um hlutverk og mikilvægi þátttöku þeirra í valinu og frjálsum leik	Deildarstj óri og starfsfólk deildarin nar	Sep t. 202 3	Maí 202 4	Nýta „Gefðu 10“ skráningar á þeim börnum sem eru á svæði starfsmannsins í vali og frjálsum leik	Nýtum skráningarblö ðin og rætt á öllum deildarfundu m hvernig gengur
Lestur - bókasafn	Markmiðið að fara í fleiri bókasafns- ferðir með börnin	Að börnin fái nýtt umhverfi í lestri og fá að heimsækja bókasafnið	Deildarstj óri og starfsfólk deildarin nar	Sep t 202 3	Júní 202 4	Notum deildarfundu og samtöl á deildinni til að meta hvort þetta fyrirkomulag gangi upp	Markmið er að örva þekkingu barna um umhverfið sitt
Sjónrænt og tákni í söngstun d	Virkja starfsfólk og börn að nota sjónrænt og tákn í söngstund	Að auka jafnt og þétt yfir skólaárið þekkingu á táknnum	Deildarstj óri og starfsfólk deildarin nar	Sep t 202 3	Juni 202 4	Nota myndir og myndir með táknnum Meta á deildarfundum	Að börnin tengja saman orð við myndir



3.3 Stjörnuland

Veturinn 2022 – 2023 voru 22 börn á Stjörnulandi fædd árið 2017 og 2018 við hældum sama skipulagi á deildinni líkt og veturinn áður. Hópastarfið rúllaði á milli hópstjóra og reynt að höfða til áhugasviðs hópstjóra. Gerðar voru smávægilegar breytingar á þemunum sem unnið er eftir. Þemunum var breytt í yfirþema og undirþema einnig voru þau lengd í fjórar vikur úr tveim. Þessi breyting var gerð til að koma betur til móts við allan aldur en einnig til þess að öðruvísidagar líkt og Öskudagur eða heimsókn í Borgarleikhúsið hafi ekki þau áhrif að þú missir að spennandi verkefni í hópastarfi, hvert þema er lengra og því meiri tími.

Ef áramót fluttum við okkur til í húsinu og skiptum við um deild við Skýjaland. Við þessar breytingar fengum við fleiri rými sem hentaði okkur betur. Eftir þessa flutninga varð auðveldara fyrir okkur að skipta börnunum í smærri hópa. Ákveðið var að aldurskipta börnunum í frjálsa leiknum eftir hádegi.

Með hækkandi sól hældum við málþing líkt og í fyrra en fyrirkomulagið var þó með örlítið breyttu sniði börnin fengu spjöld með grænum og rauðum þumlum og greiddu þannig atkvæði og létu sína skoðun í ljós. Niðurstaðan er að börnin er almennt ánægð með þá þætti sem spurt var um og þykir gaman í leikskólanum

Stjörnuland var þátttakandi í rannsóknaverkefni á vegum háskólanna, verkefnið kallast Orðaheimur og hafði þátttaka okkar áhrif á skipulag deildarinnar, lestarstundir barna fædd 2018 fóru alfarið í verkefnið.

Ferilmöppur

Skráning í ferilmöppur gekk vonum farmar allir hópstjórar fengu úthlutað einu verkefni til að skrá í möppurnar. Einnig var ákveðið hver ætti að sjá um skráningu á til dæmis afmælisdögum. Það skiptir máli að ákveða strax á fyrsta deildarfundum vetrarins hver sér um að skrá hvað. Við höfum oft verið að ströggla við að gera þessa skráningar. Í vetur gekk þetta með því að ákveða strax hver héldi utan um hvað. Starfsfólk er duglegt að taka myndir í öllu því sem við erum að gera. Með skýrri verkaskiptingu treystum við okkur til að taka ferilmöppur úr umbótaráætlun. Næsta vetur munum við halda áfram og þetta er þar með orðin hluti af okkar vinnulagi og fast í sessi.



Lestur

Haustið 2021 hófst innleiðing á læsis hluta menntastefnunnar og veturinn 21-22 var farið í miklar breytingar á lestrarstundum. Nú í vetur má segja að lestrarstundir séu fastir liðir í starfinu og undantekning ef þær detta út. Í vetur höfum við haldið áfram að vinna að því að gera stundirnar fjölbreyttar og áhugasamar. Efniviður hefur aukist til muna og búið að útbúa marga sögupoka. Eitt af því sem vantar uppá er að efniviður verði tilbúinn og aðgengilegur inni á deild. Mikil og góð vinna hefur farið nú þegar farið fram og lestarastundir hafa lengst og eiga þær fastan stað í dagsskipulaginu. Næsta vetur þarf að halda áfram að styrkja kennara og passa að hafa efnivið tilbúinn fyrir hverja stund. Við munum leggja enn meiri áherslu á þátttöku barnanna í lestrarstundum og festa verkefnið „Bókaormur“ á okkar deild.

Hlutverk starfsfólks í frjálsum leik

Í síðustu umbótaáætlun settu allar deildir inn hlutverk starfsfólks í frjálsum leik. Á starfsmannafundi á starfsdegi var fræðsla til starfsfólks og mikilvægi þátttöku starfsfólks í leik. Góð umræða átti sér stað í starfmannahópnum sem var mikilvæg fyrir hópinn til að fara samstiga inn í verkefnið. Við nýttum okkur aðferðina gefðu 10 tvisvar sinnum yfir veturinn sem reyndist vel til að kortleggja hópinn. Næsta vetur munum við einnig nýta okkur skráningar úr verkfærakistunni til að kortleggja hópinn. Það tekur alltaf tíma að breyta vinnulagi en mikið hefur átt sér stað og munum við halda því áfram næsta vetur. Gefðu 10 gerði fólk mjög meðvitað og verður það notað oft næsta vetur til dæmis 2x á önn. Síðasta vetur var farið í þá vinnu að fá hugmyndir frá starfsfólki hvernig við gætum örvað samskipti barna í útiveru og frjálsum leik og hvernig hægt væri að virkja okkur sjálf. Næsta vetur verða niðurstöður þessarar vinnu nýttar og settar upp á vegg sem hugmyndir fyrir starfsfólk hvað hægt er að gera til dæmis í útiveru.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Umgengni með	Að vekja börnin til umhugsun	Fræðum börnin um umhverfið	Deildarstjóri og starfsmen	Í sept 2023	Í maí 2024	Metið á deildarfundum	Að gera börnin meðvituð um



umhverfið að leiðarljósi	ar um umhverfið Að börn og starfsfólk nýtir betur efnivið.	. Förum í ferðir með börnin á grenndar stöðvar með pappír	n deildarin nar.			einusinni á hvorri önn.	umhverfismál og þeirra nærumhverfi hvað þau geta gert.
Lestur / bókaormur, þátttaka barna í lestrarstundum	Að kennarar verði betur undirbúnir og öruggir í lestrarstundum. Að börnin fái fjölbreyttari stundir þar sem þau eru virkir þátttakerur í lestrarstundum	Ákveða í undirbúning hvaða bækur á að lesa í lestrarstund og hugi að því hvernig börnin geti tekið þátt í lestrarstund. Festa ábyrðar aðila á bókaormsverkefnið	Deildarstjóri og starfsmenn deildarin nar.	Í sept 2023	Í maí 2024	Deildin metur sameiginlega á fundum fyrir og eftir áramót.	Auka áhuga barnanna á bókum, auka skilning og orðaforða barnanna.
Söngur	Að læra fleiri lög og hreyfingar	Búa til söngbók eftir þemunum í	Deildarstjóri og starfsmenn	Í sept 2023	Í maí 2024	Deildin metur sameiginlega á fundum	Auka innlög á orðum tengd þemum



	með lögum. Að lögin verði þematengd eins og hópastarfið.	söngbókin ni verða einnig hreyfingar til að æfa.	deildarin nar.			fyrir og eftir áramót.	
Hlutverk starfsfólks í frjálsum leik og útiveru.	Að virkja þátttöku starfsfólks í frjálsum leik barnanna og í útiveru .	Fræða starfsfólk um hlutverk þeirra í frjálsum leik og mikilvægi þátttöku þeirra. Nýta gefðu 10 skráningar 2x á önn . Einnig að nýta skráningar úr verkfærakistunni.	Deildarstjóri og starfsfólk deildarin nar.	Í sept 2023	Í maí 2024	Nýta gefðu 10 skráningu á þeim börnum sem eru á svæði starfsmannsins í vali, frjálsum leik og útiveru. Fara yfir skráningar í verkfærakis tunni einusinni hvora önn.	Ræða skráningar á deildarfundum.



4 Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2022-2023

Í leikskólanum í vetur voru bæði börn í 1. og 2. flokki í sérkennslu. Sérkennslan hefur verið skipulögð eftir þörfum hvers einstaklings. Allir einstaklingar í 1. og 2. flokki eru með stuðning og unnið er eftir einstaklingnámskrám sem byggðar eru á AEPS matslistanum.

Innleiðing á breytingum á skipulagi sérkennslu hófust strax um haustið 2022. Síðustu ár hefur það tíðkast að það er einn ákveðinn starfsmaður sem fylgir einu barni en nú flakka stuðningsaðilar á milli barna eftir ákveðnum stundatöflum. Markmið með þessum breytingum er að auka á samvinnu innan sérkennslunnar, gefa stuðningsaðilum tækifæri til þess að kynnast öllum stuðnings börnunum sem og að gefa börnunum tækifæri til þess að kynnast mismunandi kennurum og ólíkum kennsluaðferðum.

Reglulegir teymisfundir hafa verið haldnir yfir veturinn. Í teymi barnsins eru: foreldrar, stuðningsaðili, sérkennslustjóri og fulltrúi frá Suðurmiðstöð (og aðrir sem koma að þjónustu við barnið eins og t.d. sjúkraþjálfari). Á teymisfundum er farið yfir áherslur og vinnu sem hefur farið fram í leikskólanum og heima, teknað ákvarðanir um næstu skref í samráði við forelda. Lausnateymi var myndað í leikskólanum á vorönninni.

Skipulag Sérkennslu 2022-2023 Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?	Lagt er upp með að börnin séu þátttakendur í öllu starfi deildarinnar og þeim veittur stuðningur til þátttöku. Fyrir börn sem eru í 2. flokki eru þarfir hvers og eins metnar og út frá því er skipulagt hvenær og í hvaða aðstæðum barnið þarf stuðning. Valinn er tími fyrir vinnustundir og einstaklingskennslu sem raskar sem minnst félagslegri þátttöku barnsins í hópnum. Vinnustundir eru ýmist fyrir eða eftir hádegi.
Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS, HLJÓM-2 og fl.	EFI-2. APES. HLJÓM 2, íslenski þroskalistinn/smábarnalistinn
Hvaða námsefni var notað? Vorur t.d. notuð aðkeypt námsgögn?	Mikið af námsefni sérkennslu er útbúið í leikskólanum í samræmi við þarfir barnanna og eru verkefni geymd í verkefnabanka sérkennslu þar sem stuðningsaðilar geta sótt sér og bætt við verkefnum. Mörg verkefni og gögn búin til í Widgit online. Einnig er mikið notast við verkefni frá fjölbreytt kennsla og skólavefnum. PECS er notað með þeim börnum sem það þurfa og sjónrænt skipulag er á öllum deildum. Keypt



er inn námsgögn eftir þörfum ef þarf eitthvað fyrir einstaklingsþjálfun.

Umbótaáætlun sérkennslu 2023-2024

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Reglulegir fundir með stuðningsaðilum	Sérkennslu stjórnar fundar reglulega með stuðningsaðilum	Hluti af undirbúningi starfsmanna. Opnir fundartímar aðra hverja viku þar sem stuðningsaðilar geta nýtt undirbúningstíma sinn til þess að ræða um sérkennsluna.	Sérkennslustjóri	Sept. 2023	Maí 2024	Fundargerðir og skráningar. Skrá niður hvort stuðningsaðilar séu að nýta sér fundartíman.	Opnir spjalltímar komnir í fastann sess í skipulaginu og stuðningsaðilar nýta sér opna fundartíma a.m.k. 1 sinni í mánuði
Bæta og endurskoða skipulag vinnustunda	Festa vinnustundir, bæði tíma yfir daginn og rými sem vinnustund fer fram	Meta þarf sérkennslu barna skoða hvaða rými henta/eru laus og hvaða tímar yfir daginn henta best	Sérkennslustjóri	Sept. 2023	Maí 2024	Halda ítarlega skráningu á vinnustundum. Starfsfólk beðið að skrá hvenær það fer í vinnustundir og líka hvenær það kemst ekki í vinnustundir og tilgreina ástæðu fyrir því að vinnustund var sleppt.	Ef skráningar á vinnustundum sýna fram á að úthlutaðir tímar og rými sem er úthlutaði í vinnustundir eru að nýtast vel.



Koma af stað lærdómssamélagi sérkennslu	Finna fasta tíma fundartíma yfir skólaárið þar sem sérkennara r geta fengið tækifæri til þess að miðla kunnáttu og læra af hvort öðru.	Nýta þá þekkingu sem er til staðar innan leikskólans til þess að auka gæði kennslu	Sérkenn slustjóri og Leikskól astjóri/ aðstoða rleikskól astjóri	Sept. 2023	Maí 2024	Fundargerð ir og skráningar. Mikilvægt að skrá einnig niður ef fundur lærdómssa mfélags fellur niður og tilgreina ástæðu.	Búið að finna fastann tíma fyrir fundi lærdómss amfélags sérkennsl u og ná að hittast a.m.k. 2x yfir skólaárið. Eitt skipti á haustönn og 1 skipti á vorönn.
---	--	--	--	------------	----------	---	--

5 Innra mat – fjöltyngd börn

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2023-24

Leikskólinn Ösp er ríkur af fjölmenningu og fjölda tungumála þeirra sem hann sækja. Yfir 90% barnanna eru tví- eða fjöltyngd og töluð eru yfir 20 tungumál í barnahópnum. Þar sem megnið af börnunum eru tví- eða fjöltyngd þá er starfið í leikskólanum skipulagt samkvæmt þörfum barnahópsins í heild. Markviss vinna með málörvun er og verður áfram á öllum deildum. Dagskipulag deildanna gerir ráð fyrir þemavinnu og er hópastarf, samverustundir, lestrarstundir og frjáls leikur skipulagt eftir því hvaða orðaforðapema er í gangi hverju sinni. Í vetur var lengd vinnutíma með hvert þema breytt og var hvert þema í 4 viku í stað 2ja áður. Þetta var gert í þágu yngri barnanna sem samkvæmt endurmati starfsmanna þurfa lengri tíma í hvert þema og til að auðvelda fyrir tímafrekari verkefnum sem snerta á dýpri orðaforða. Breytingin fól í sér að útbúið var nýtt þemaskipulag sem var með yfirþema sem er nokkuð breytt en einnig voru sett undirþema sem eru nýtt sem dýpkun á orðaforða fyrir eldri hópana og þau sem komin eru með grunnorðaforða. Þessi breyting reyndist einstaklega vel og var ákveðið að halda þessum breytingum áfram. Fellaskóli vinnur einnig eftir sama skipulaginu með breytingunum og hefur reynt þeim vel. Mikil ánægja var með þessa breytingu innan skólans og verður henni haldið næsta vetur.

Talmeinafræðingar frá Miðju Máls og Læsis sem og Suðurmiðstöð komu einnig inn til að leggja fyrir orðaforðaprófin fyrir elstu þrjá árgangana. Myndaður var samstarfshópur sem aðstoðar leikskólann við áframhaldandi prófanir og vinnslu með niðurstöðurnar.

Niðurstöðurnar þetta árið sýndu að töluverðar framfarir áttu sér stað hjá sumum börnum en önnur sýndu ekki eins miklar framfarir og við vonuðumst eftir. Rýnt verður í niðurstöðurnar



til að nýta þær sem best til aðlögunar á kennsluháttum og fundnar verða nýjar leiðir til að ná betur til barnahópsins í heild sinni.

Í vetur var sérstök áhersla lögð á aukna málörvun í útivist og frjálsum leik. Áherslan var að auka viðveru starfsmanna á leiksvæðum barnanna og nærveru þeirra í leiknum til að auka samtöl og notkun á fjölbreyttum orðaforða. Sama áhersla var á útisvæðinu en þá voru starfsmenn hvattir til að vera með í leiknum og að dreifa sér betur um garðinn. Samkvæmt málstefnu leikskólans er lögð áhersla á að leikskólamálið sé nota öllum stundum í leikskólanum. Þegar börn eru að nota önnur tungumál er starfsfólk hvatt til að kom inn í leikinn og samtalið og með því að spyrja spurninga er það hvatt til að færa samtölin yfir á leikskólamálið. Þetta var einnig gert til að sýna öðrum börnum sem eiga erfitt með að koma inn í leikinn, sérstaklega þegar hann fer fram á tungumáli sem þau ekki skilja, hvernig þau geta nálgast leikinn og orðið þátttakendur. „Gefðu 10“ var notað með breyttu sniði til að skrá niður samskipti barna og starfsmanna. Hver starfsmaður fékk blað til útfyllingar á því við hvaða börn þeir áttu samtöl við yfir vikuna á deildinni. Samtöl voru skilgreind sem samskipti sem áttu sér stað á milli barns og starfsmanns, en ekki var átt við um skilaboð eða fyrirmæli sem komu frá starfsmanni og ekki var ætlast til svars. Barnið þurfti að svara til baka og eiga í samtali við starfsmann. Niðurstöðurnar voru nýttar til að starfsfólk gæti metið eigin samskipti og við börnin og hvort þau eigi í virkum samtölum við öll börn. Einnig voru niðurstöður notaðar til að meta hvort það séu börn sem tynast í hópnum og fá færri samtöl en önnur.

Fjármagnið vegna fjöltyngdra barna var nýtt til að ráða inn starfsmann sem sinnti bæði markvissri málörvun í leikskólanum og vann að því að gera lestrarstundir markvissari. Lagt var í vinnu við að flokka málörvunarefnið og gera það aðgengilegra öllum. Bækur voru valdar út frá þemunum og settar í poka með aðstoðarefni, eins og myndum, og hengdar á snaga. Þetta var gert til að auðvelda starfsmönnum valið á þemabókum og einfalda aðgengið að þeim. Einnig var byrjað á því að setja spil og annað málörvunarefni í poka og merkja þá með leiðbeiningum um notkun og sýna hvaða málþátt er verið að vinna með. Leikföng voru skoðuð með fjölmennigar gleraugum og voru keypt inn leikföng sem sýna fjölbreytni og ólíkan menningarlegan bakgrunn. Einnig voru keypt inn leikföng sem sýna börnunum ólíkar þarfir fólks líkt og barn í hjólastól.

Send var könnun á foreldra varðandi tungumálastefnu heimilanna og komu 20 svör frá foreldrum. Í ljós kom að rétt um helmingur fjölskyldna þekkir hugtakið og um 25% eru með mótaða stefnu á heimilinu. Þetta þótti okkur bæði jákvætt að þekkingin á tungumálastefnum væri til staðar á um helming heimila en sýnir okkur einnig að þörf er á frekari kynningum á efninu og verður það eitt af markmiðum næsta veturs að fræða foreldra um málið.



Umbótaáætlun –fjöltyngi 2023-2024

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrg ð	Hefs t	Loki ð	Hvernig metið/aðferðir ?	Viðmið um árangu r
Tungumálastefna heimila	Auka þarf fræðslu um tungumálaste fnu heimilanna	Brúarsmiðir Miðju máls og læsis verða fengnir til að kynna fyrir foreldrunum tungumálastefnu á foreldrafundum í haust	Verkefna stjóri fjöldmenni ngar	Sept 23	Mai 24	Send verður önnur könnun á foreldra með betri svörun og hækkandi prósentu á þeim foreldrum sem þekja og nota tungumálastefnu á sínu heimili	Að tungumál astefnur sáu virkar á öllum heimilum
Málörvun í frjálsum leik og útivist	Að starfsmenn sáu meiri þátttakendur í leik barnanna	Starfsmenn eru hvattir til að vera til staðar í leik barnanna og hvetja þau til samtals á leikskólamálinu	Verkefna stjóri fjöldmenni ngar	Sept 23	Mai 24	Skráning á samtölum og viðveru starfsmanna í frjálsum leik og í útivsti „gefður 10“	Að samtöl í leiknum fari í auknum mæli fram á leikskóla málinu
Flokkun málörvunarefnis	Allt málörvunaref ni og spil leikskólans verða flokkuð eftir málflokkum	Málörvunarefni og spil verða flokkuð í poka og merkt með leiðbeiningum um notkun og málþáttum	Verkefna stjóri fjöldmenni ngar	Sept 23	Mai 24	Sýnilegt efni verður á öllum deildum og aðgengilegt starfsmönnum og börnum	Aukin notkun á fjölbreytt u málörvun arefni og spilum

6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri skiptu með sér starfsþróunarsamtölum. Lagt var upp með þrjú snerpusamtöl við alla starfsmenn og náðist það að hluta til, í okt/nóv, mars/apríl og maí/júní. Einhver samtöl féllu niður vegna veikinda og fjarveru sem ekki náðist að finna nýjan tíma fyrir. Í samtölunum þetta árið var lögð áhersla á líðan starfsfólks og hlutverk þeirra og þátttöku í leikskólastarfinu. Leikskólastjóri tók samtöl við deildarstjóra og deildarstarfsfólk en aðstoðarleikskólastjóri tók samtöl við matráð, starfsfólk sérkennslu og hlutastarfsmenn. Tímavinnustarfsmenn fóru ekki í hefðbundin snerpusamtöl en leikskólastjóri ræddi við þá starfsmenn í tengslum við aukið starfshlutfall yfir sumartímamann, líðan og hlutverk þeirra innan leikskólans. Snerpusamtölin hentuðu mjög vel og verða næsta ár með svipuðu formi.



6.1 Fræðsla skólaárið 2022-2023

- Skyndihjálparnámskeið fyrir alla starfsmenn
- Deildarstjórar fóru á Menntafléttunámskeið; Móðurmál, íslenska sem annað mál og virkt fjölyngi í leikskóla
- Tveir starfsmenn fóru á Menntafléttunámskeið; Málörvun með sögum og söng
- Tveir starfsmenn fóru á Menntafléttunámskeið; Fyrstu skrefin í leikskólanum.
- Tveir starfsmenn hófu nám í HÍ; leikskólakennarafræði
- Einn starfsmaður útskrifaðist með BA í leikskólakennarafræði
- Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri fóru í forystunámið og sóttu námskeiðið Leiðtogi framtíðarinnar.
- Allir starfsmenn fóru í náms og kynnisferð til Stokkhólms; Sótt var námskeið í hreyfingu og jóga fyrir börn, farið í heimsóknir í leikskóla og kynnisferð um barnabókasafni Stokkhólms og hvernig þau vinna með leikskólum.

7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Samstarf við leikskólann Holt, Fellaskóla og Vínafell er mjög gott og festi sig enn frekar í sessi á þessu skólaári. Markvissir fundir, sameiginleg verkefni og samstaða einkenna þetta samstarf. Í tengslum við verkefnið „Málþroski og læsi í Fellahverfi“ hefur samstarfið styrkts og starfsfólk skólanna hefur aukið samstarf. Það voru reglulegir fundir verkefnastjóra og deildarstjóra leikskólanna og Fellaskóla í vetur og búið er að fastsetja nú þegar fundartíma fyrir næsta skólaár. Þessir fundir verða meðal annars til að fylgja verkefninu vel eftir og meta reglulega stöðu þess.

(Sjá tímaramma samstarfsáætlunar 2023-2024 í fylgiskjali 1)

8 Foreldrasamvinna

Haustið fór vel af stað og tókst að halda þrjá foreldrafundi, einn fyrir hverja deild í lok september. Góð mæting var á alla fundina og túlkar mættu fyrir þá sem þurftu á því að halda. Á öllum fundum voru leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og deildarstjórar. Einnig var Brynja Baldursdóttir, verkefnastjóri í Fellaskóla, með kynningu á verkefninu „Málþroski og læsi í Fellahverfi“. Í foreldraráði voru tveir fulltrúar foreldra en ekki hefur gengið að fá fleiri í foreldraráð, þrátt fyrir tilraunir til að ná til foreldra. Það hafa ekki verið reglulegir fundir með foreldraráði en leikskólastjóri kallaði saman foreldraráð á fund bæði til að fá samþykki vegna breytinga á deildum og vegna sumarleyfistímabils. Á foreldrafundum haustsins munum við reyna að fjölga fulltrúum í foreldraráði. Send var út könnun til foreldra varðandi sumarlokun leikskólans og völdu tæplega 80% foreldra lokun dagana 17.júlí til og með 14.ágúst. Byrjað er að taka fyrstu viðtöl við foreldra þeirra barna sem hefja leikskólagöngu í Ösp haustið 2023. Viðtölin ganga vel og eru allir spenntir að byrja. Boðið var upp á foreldraviðtöl bæði á haustönn og vorönn og var góð mæting í viðtölin. Við höldum



áfram að setja allar upplýsingar til foreldra á lokaða facebooksíðu og vikulegir tölvupóstar til foreldra munu einnig halda áfram. Vel hefur gengið að nota Völu-appið og eru allir foreldrar, sem geta, komnir með það í símann sinn. Allar myndir af börnunum og starfinu eru núna settar inn í Völuna. Það er ekki foreldrafélag í Ösp og hefur leikskólinn greitt fyrir þá viðburði sem haldnir voru síðastliðið skólaár. Rútuferð í Guðmundarlund í desember og góða gesti þangað, piparkökumálningu og hoppukastala á sumarhátíðinni.

9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar skólaárið 2023-34

- 28. september. Sameiginlegur með Holti, allur dagurinn.
- 24. nóvember. Sameiginlegur með Holti og Fellaskóla, allur dagurinn.
- 5. janúar. Sameiginlegur með Holti, allur dagurinn.
- 6. febrúar. Dagur leikskólans. Sameiginlegur með Holti, allur dagurinn.
- 19. apríl. Sameiginlegur með Holti, allur dagurinn.
- 17. maí. Menntastefnumót Reykjavíkur, allur dagurinn

(Sjá leikskóladagatal 2023-2024 í fylgiskjali 2)

10 Fylgigögn

10.1 Fylgiskjal 1 – Tímarammi samstarfsáætlunar 2023-2024

10.2 Fylgiskjal 2 – Leikskóladagatal 2023-2024

10.3 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans Aspar

Halldóra Sigtryggisdóttir

10.júlí 2023

Leikskólastjóri

Dagsetning



Fylgiskjal 1

Mánuður	Atburður	Markmið	Ábyrgð - Mat og skráning	Umsjón	Tími
September	Deildarstjórnar elstu deilda leikskólana velja 2-3 sameiginleg lög fyrir Dag ísl. tungu.	Að styrkja tengslin, miðla upplýsingum og skipuleggja samstarfið.	- Upplýsingum miðlað til -verkefnastjóra MOLF	Deildarstjórnar HÖ	19.sept. 2023
	Deildarstjóri máls og læsis og deildarstjórnar leikólanna samráðsfundur	Að styrkja tengslin, miðla upplýsingum, ræða samstarfið og fræðast saman um efni tengt markmiðum verkefnisins.	Deildarstjóri máls og læsis - Fundargerð	Deildarstjórnar	19. septemb er 2023
Október	1. bekkur heimssækir leikskólana og taka þátt í frjálsum leik. Dagsetning ákveðin á fundi 19. sept.	Að nemenður finni samfelli og övaggi við skólaskiptin. Að kennarar 1. bekkjar kynnist starfi leikskólans	Verkefnastjórnar á leikskólunum - Myndir/fréttir á vef miðlað	Deildarstjórnar HÖ og kennarar F	16.- 20.okt. 2023
	Deildarstjóri máls og læsis og deildarstjórnar leikólanna samráðsfundur	Að styrkja tengslin, miðla upplýsingum, ræða samstarfið og fræðast saman um efni tengt markmiðum verkefnisins.	Deildarstjóri máls og læsis - Fundargerð	Deildarstjórnar	17. okt. 2023
Nóvember	Stjórnendur skólanna, Deildarstjóri máls og læsis, verkefnastjórnar fjölm. og deildarstjórnar leikólanna – niðurstöður námsmats í 1. bekk og Hljóm	Að styrkja tengslin, miðla upplýsingum, ræða samstarfið og fræðast saman um efni tengt markmiðum verkefnisins.	Deildarstjóri máls og læsis - Fundargerð	Deildarstjórnar	7.nóv. 2023
	Heimsóknir milli leikskóla + 1.b. F Börnin hittast og syngja saman lög fyrir Dag íslenskrar tungu – Ákveða dagsetn og tíma 19.sept. Tvö lög – amk. annað m/hreyfingu – annað m/1.bekki	Að verðandi skólafélagar kynnist og skapi tengsl	Deildarstjórnar HÖ + deildarstjóri máls og læsis F - Myndir/fréttir á vef miðlað	Deildarstjórnar	Dagana 30.Okt- 10.nóv. 2-3x
	Dagur íslenskrar tungu Leikskólabörn af báðum leikskólum syngja saman í athöfn í Fellaskóla	Að leikskólabörnin kynnist grunnskólanum betur.	Stjórnendur og deildarstjórnar - Myndir/fréttir á heimasíðu	Deildarstjórnar	16. nóv. 2023
Desember	Heiglilekur Leikskólabörnum boðið á generalprufu á helgileik í skóla og í heimsókn inn í 6.bekki	Að leikskólabörnin kynnist grunnskólanum enn betur og finni til övuggis þar.	Verkefnastjórnar HÖF - Myndir/fréttir á heimasíðu á vef (Vata)	Deildarstjórnar	Desembe r 2023



Febrúar	Leikskólabörn koma í smíðjur	Að kynna húsnæði grunnskólans og starfsemi. Að leikskólabörnin finni öryggi við skólaskiptin. Að kenningar leikskóla kynnist grunnskólastarfinu.	Verkefnastjórnar HÖF - <i>Mynlum og fréttum miðlað</i>	Deildarstjórnar	8. og 15. febrúar
	Deildarstjóri máls og læsis og deildarstjórnar leikólanna samráðsfundur	Að styrkja tengslin, miðla upplýsingum, ræða samstarfið og fræðast saman um efni tengt markmiðum verkefnisins.	Deildarstjóri máls og læsis - <i>Fundargerð</i>	Deildarstjórnar	13. febrúar 2024
Apríl	Deildarstjóri máls og læsis og deildarstjórnar leikólanna samráðsfundur	Að styrkja tengslin, miðla upplýsingum, ræða samstarfið og fræðast saman um efni tengt markmiðum verkefnisins.	Deildarstjóri máls og læsis - <i>Fundargerð</i>	Deildarstjórnar	9. apríl 2024
Apríl	Lestur í leikskólum Nemendur í 5. bekk lesa á ýmsum tungu- málum (íslenska + móðurmál) í leikskóla og sameiginleg útivera eftir lestur	Að miðla góðum fyrirmyndum til yngri barnanna og styðja við virkt tvtýngi	Deildarstjórnar í Fellaskóla - <i>Mynlum og fréttum miðlað</i>	Deildarstjórnar	23. apríl 2024
Mái	Deildarstjóri máls og læsis og deildarstjórnar leikólanna samráðsfundur	Að styrkja tengslin, miðla upplýsingum, ræða samstarfið og fræðast saman um efni tengt markmiðum verkefnisins.	Deildarstjóri máls og læsis - <i>Fundargerð</i>	Deildarstjórnar	7. maí 2024
Mái	3 daga vorskóli og kynning fyrir foreldra Börnum utan hverfis og foreldrum boðið í heimsóknina	Að börnin kynnist fjölbreyttu starfi skólans og finni til öryggis við skólaskiptin. Að verðandi kennarar 1. b. kynnist nem. og þeir hver öðrum. Að kenningar leikskóla kynnist grunnskólastarfinu.	Deildarstjóri Fellaskóla - <i>Mynlum og fréttum miðlað</i>	Deildarstjóri F	13.-16. maí 2024
	Útskrift leikskólabarna í hátíðarsal Fellaskóla Holt 23. maí Ósp 24. maí	Fer fram í Fellaskóla til að mynda tengingu milli skólastaða.		Leikskólastjórnar Brynja + stjórnandi úr F.	23 og 24. maí Kl. 15:00
	Skilafundur milli leik- og grunnskóla og fristundar	Að skapa samfelli milli leik- og grunnskóla og að allar nauðsynlegar upplýsingar fylgi milli stiga.	Deildarstjóri yngra stígs Fellaskóla	Deildarstjórnar elstu deilda	
	Skipulagsfundur v/haustannar BB/HH Leikskólastjórnar, deildarstjórnar Fellaskóla	Að meta samstarfið á árinu, horfa til framtíðar.	Leikskólastjórnar og deildarstjórnar F - <i>mat á vörðun og tímarammi haustannar</i>	Deildarstjórnar F og leikskólastjórnar	2. júní

Ljósblár	Heimsóknir nemenda í leikskóla
Appelsínugulur	Heimsóknir barna í skóla
Grænn	Samráð starfsmanna



Fylgiskjal 2

Samband íslenskra sveitarfélaga

Nafn skóla: Leikskólinn Ösp

Leikskóladagatal 2023 - 2024

	AGÚST	SEPTEMBER	OKTOBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANUAR	FEBRUAR	MARS	APRIL	MÁI	JÚNÍ	JÚLÍ
1 Þ. Sumari	1 F		1 S	1 M	1 F	1 M	1 F	1 F	1 M	1 M	1 L	1 M
2 M. Sumari	2 L		2 M	2 F	2 L	2 Þ	2 F	2 L	2 Þ	2 F	2 S	2 Þ
3 F. Sumari	3 S		3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 L	3 S	3 M	3 F	3 M	3 M
4 F. Sumari	4 M		4 M	4 L	4 M	4 F	4 S	4 M	4 F	4 L	4 Þ	4 F
5 L. Sumari	5 Þ		5 F	5 S	5 Þ	5 F	5 M	5 Þ	5 F	5 S	5 M	5 F
6 S. Sumari	6 M		6 F	6 M	6 M	6 L	6 Þ	6 M	6 L	6 M	6 F	6 L
7 M. Föstudagur	7 F		7 L	7 Þ	7 F	7 S	7 M	7 F	7 S	7 Þ	7 F	7 S
8 Þ. Sumari	8 F	Dagur í búi	8 S	8 M	8 F	8 M	8 F	8 F	8 M	8 M	8 L	8 M
9 M. Sumari	9 L		9 M	9 F	9 L	9 Þ	9 F	9 L	9 Þ	9 F	9 S	9 Þ
10 F. Sumari	10 S		10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 L	10 S	10 M	10 F	10 M	10 M
11 F. Sumari	11 M		11 M	11 L	11 M	11 F	11 S	11 M	11 F	11 L	11 Þ	11 F
12 L. Sumari	12 Þ		12 F	12 S	12 Þ	12 F	12 M	12 Þ	12 F	12 S	12 M	12 F
13 S. Sumari	13 M		13 F	13 M	13 M	13 L	13 Þ	13 M	13 L	13 M	13 F	13 L
14 M. Sumari	14 F		14 L	14 Þ	14 F	14 S	14 M	14 F	14 S	14 Þ	14 F	14 S
15 Þ. Leikskólinn	15 F		15 S	15 M	15 F	15 M	15 F	15 F	15 M	15 M	15 L	15 M
16 M. Sumari	16 L		16 M	16 F	16 L	16 Þ	16 F	16 L	16 Þ	16 F	16 S	16 Þ
17 F. Sumari	17 S		17 F	17 L	17 S	17 M	17 L	17 S	17 M	17 F	17 M	17 M
18 F. Sumari	18 M		18 M	18 F	18 M	18 F	18 S	18 M	18 F	18 L	18 Þ	18 F
19 L. Sumari	19 Þ		19 F	19 S	19 Þ	19 F	19 M	19 Þ	19 F	19 S	19 M	19 F
20 S. Sumari	20 M		20 F	20 M	20 M	20 L	20 Þ	20 M	20 L	20 M	20 F	20 L
21 M. Sumari	21 F		21 L	21 Þ	21 F	21 S	21 M	21 F	21 S	21 Þ	21 F	21 S
22 Þ. Sumari	22 F		22 S	22 M	22 F	22 M	22 F	22 F	22 M	22 M	22 L	22 M
23 M. Sumari	23 L		23 M	23 F	23 L	23 Þ	23 F	23 L	23 F	23 F	23 S	23 Þ
24 F. Sumari	24 S		24 F	24 M	24 S	24 M	24 L	24 S	24 F	24 F	24 M	24 M
25 F. Sumari	25 M		25 M	25 L	25 M	25 F	25 S	25 M	25 F	25 L	25 Þ	25 F
26 L. Sumari	26 Þ		26 F	26 S	26 Þ	26 F	26 M	26 Þ	26 F	26 S	26 M	26 F
27 S. Sumari	27 M		27 F	27 M	27 M	27 L	27 Þ	27 M	27 M	27 M	27 F	27 L
28 M. Sumari	28 F		28 L	28 Þ	28 F	28 S	28 M	28 F	28 S	28 S	28 F	28 S
29 Þ. Sumari	29 S		29 S	29 M	29 F	29 M	29 F	29 F	29 M	29 M	29 L	29 M
30 M. Sumari	30 L		30 M	30 F	30 L	30 Þ	30 L	30 L	30 Þ	30 F	30 S	30 Þ
31 F. Sumari			31 Þ	31 M	31 S	31 M	31 F	31 S	31 F	31 F	31 M	31 M

Í reglum um leikskólaþjónustu segir: Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrjú þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrjú geta verið ýmist halfrir dagar eða heilir. Leikskólagjöld íslska ekki vegna þessa. Börm sem dvelja í leikskólum Reykjavíkur borgar taka að íþjálfunartúttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opin allir sumarþriðjög daga lokaðir eða lokaðir samfelldu til tuttugu virka daga. Stefna skóla- og frístundavísar er að í hverju hverfi leitist skólastjórnendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis við fjölskyldur í Reykjavík.

Fylgiskjal 3

Starfsáætlun 2023 – 2024 Leikskólinn Ösp

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Gyða Dröfn Hannesdóttir

Eydís Anna G Martinsdóttir



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.



Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11. gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

Foreldraráð gefur starfsáætlun Aspar fyrir árið 2023-2024 jákvæða umsögn. Áætlunin er nákvæm og afar vel unnin.

Foreldraráð vill óska leikskólanum til hamingju með viðurkenningu sem fyrirmyndarstarfsstaður skóla og frístundasviðs, annað árið í röð. Almenn vellíðan starfsfólks í starfi er augljós og skín í gegn.

Efla þarf þátttöku foreldra í leikskólastarfinu. Stofna þarf foreldrafélag og fjölga þarf fulltrúum í foreldraráði leikskólans, eins og fram kemur í starfsáætlun. Foreldrafélagið mun gefa foreldrum tækifæri til að kynnast öðrum foreldrum og gefa þeim aukna innsýn í leikskólastarfið. Hægt væri að ræða stofnun foreldrafélags þegar foreldraráð kemur saman í byrjun skólaárs.



